



LANGANESBYGGÐ

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Annas Jón Sigmundsson
Skúlagötu 4.
150 Reykjavík

Þórshöfn 15. desember 2017

Efni: Sérreglur Langanesbyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018

Með vísan til 4. gr. reglugerðar 604/2017 frá 3 júlí 2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2016/2017 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Óskað er eftir tveimur breytingum á reglugerð nr. 604/2017.

Óskað er eftir breyting á 1. gr. sem felur í sér að bætt verði við einum staflið (d), sem orðist svo Einungis skip sem eru minni en 300 brúttótonn fá úthlutun og breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar sem verði breytt þannig að orðið sveitarfélags komi í stað byggðarlags. Umrædd setning orðist því á eftirfarandi hátt. *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan blutadeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.* Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Vegna árstíðabundina sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á það við ráðherra og ráðuneyti að heimilað verði að landa til vinnslu þeim afla sem telja á til byggðakvóta á Þórshöfn, innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um tvöföldun þess aflamarks sem þau fá samkvæmt reglugerð þessari. Það getur falist ákveðin áhætta fyrir fiskiskip á Þórshöfn að treysta á að fiskvinnslur á Þórshöfn geti ávalt tekið við botnfisk til vinnslu. Uppsjávarvinnsla getur þannig orðið þess valdandi að ekki sé unnt að vinna botnfiski á sama tíma vegna ýmissa ástæðna og við slíka óvissu geta fiskiskip á Þórshöfn ekki búið við. Til að gæta jafnræðis milli fiskiskipa og fiskvinnsla innan Langanesbyggðar er farið þess á leit við ráðherra og ráðuneyti að sama regla verði viðhöfð varðandi byggðakvóta Bakkafjarðar þar sem frysting er ekki til staðar á Bakkafirði. Það takmarkar getu fiskvinnslna að taka á móti botnfiski alla daga, allt árið um kring á Bakkafirði. Slíkt getur orðið þess valdandi að fiskvinnsla á Bakkafirði getur ekki tekið við öllum afla til vinnslu.

Virðingarfyllst
f.h. Langanesbyggðar

Elías Pétursson, sveitarstjóri